

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Kötlu Hólm Þórhildardóttur um málefni trans- og intersex-fólks.

1. *Mun ráðherra ráðast í endurskoðun á lögum um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda og ef svo er:*
  - a. *munu trans- og intersex-einstaklingar fá aðkomu að þeirri endurskoðun,*
  - b. *hvenær sér ráðherra fyrir sér að þessi vinna geti farið af stað?*

Heilbrigðisráðherra telur að núgildandi lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, nr. 57/2012, hafi skilað umtalsverðum réttarbótum til handa þeim einstaklingum sem lögin ná til. Lögunum er ætlað að tryggja einstaklingum með kynáttunarvanda jafna stöðu fyrir lögum á við aðra í samræmi við mannréttindi og mannhelgi. Samkvæmt lögunum er kynáttunarvandi upplifun einstaklings frá unga aldri um að hann telji sig hafa fæðst í röngu kyni og óskar að tilheyra hinu kyninu. Af þessu leiðir að lögin ná ekki til intersex-einstaklinga nema þeir flokkist einnig með kynáttunarvanda. Intersex-einstaklingar eru einstaklingar sem fæðast með óráðin eða óhefðbundin/ódæmigerð kyneinkenni eða það sem stundum hefur verið kallað breytileika í líffræðilegu kyni.

Talsverð þróun hefur verið á báðum þessum sviðum í löggjöf annarra ríkja og hefur þróunin verið í átt til aukins sjálfsákvörðunarréttar einstaklingsins í samræmi við kynvitund hans.

Í janúar 2014 samþykkti Alþingi að fela þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra að skipa nefnd sem hefði það hlutverk að gera tillögur að samþættri aðgerðaáætlun um bætta stöðu hinsegin fólks í samfélaginu. Nefndin hóf störf í maí sama ár en því miður hefur vinna nefndarinnar dregist og endanlegar tillögur liggja því ekki fyrir.

Heilbrigðisráðherra er kunnugt um að mikil vinna hefur farið fram í nefndinni og telur mikilvægt að byggt verði á þeirri vinnu varðandi mögulega endurskoðun laganna en fyrir liggur að nefndin hefur m.a. haft til umfjöllunar hugsanlega endurskoðun á lögum um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda. Því hyggst ráðherra ekki hefja vinnu við endurskoðun laga nr. 57/2012 að svo stöddu. Ef niðurstaðan verður að þörf sé á endurskoðun laganna er sjálfsagt og eðlilegt að haft sé samráð við fulltrúa trans- og intersex fólks.

2. *Hversu margar aðgerðir hafa verið gerðar á ungbörnum með ódæmigerð kyneinkenni frá og með árinu 2000, sundurlíðað eftir árum?*

Svar við þessari spurningu er unnið úr gögnum úr vistunargrunni heilbrigðisstofnana. Gögn fyrir legudeildir sjúkrahúsa ná aftur til ársins 2000 en gögn fyrir ferlideildir ná aftur til ársins 2010. ICD-10 er alþjóðleg tölfræðiflokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvanda-mála. Miðað er við eftirfarandi ICD-10 greiningar á árunum 2000–2016 fyrir börn á aldrinum 0–10 ára:

1. ICD-10 sjúkdómsgreiningarkóða Q56 Órætt kyn og sýndartvíkyn (með öllum undirkóðum).
2. NCSP-IS aðgerðarkóða KGSH90 Reconstruction of penis in intersex operation.

Þessir greiningarkóðar eru einu kóðarnir sem talið er að tengist beint annaðhvort intersex eða óræðu kyni. Engar aðgerðir hafa verið gerðar á börnum 0–10 ára á grundvelli framan-greindra greininga á þessu tímabili.

Jafnframt var tekinn út listi yfir allar aðgerðir á kynfærum á börnum á þessum aldri og á þessu sama tímabili. Þá voru sérstaklega skoðaðar tvær aðgerðir af þeim sem fundust, þ.e. lýtaðgerðir á húð á lim og eistanám. Lýtaðgerðirnar voru í öllum tilvikum gerðar vegna ofaukinnar forhúðar, forhúðarþróngvar og/eða reðurhúfukreppu. Ef eista var fjarlægt var það aðeins annað eistað og alltaf vegna snúnings á eista.

Samkvæmt framangreindu hefur ekkert barn verið skráð á legudeildum eða ferlideildum sjúkrahúsa frá árinu 2000 með órætt kyn og sýndartvíkyn, eða gengist undir skurðaðgerð sem beint má tengja við órætt kyn.

*3. Mun ráðherra leggja fram frumvarp til laga eða setja reglugerð um heilbrigðisþjónustu trans- og intersex-barna?*

Þau lög sem nú eru í gildi og varða heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. lög nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, og lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, gilda jafnt um heilbrigðisþjónustu fullorðinna og barna. Í lögum um heilbrigðisþjónustu er fjallað um skipulag heilbrigðisþjónustunnar. Markmið laganna er að allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði í samræmi við ákvæði laganna, laga um sjúkratryggingar og laga um réttindi sjúklinga. Þá er markmið laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, að tryggja sjúklingum tiltekin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi og styrkja þannig réttarstöðu þeirra gagnvart heilbrigðisþjónustunni og styðja trúnaðarsambandið sem ríkja ber milli sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna. Samkvæmt lögunum er óheimilt að mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, æternis og stöðu að öðru leyti. Er það mat ráðherra að fyrirliggjandi lagagrundvöllur eigi að tryggja réttindi trans- og intersex-barna innan heilbrigðisþjónustunnar og því sé ekki þörf á sérlögum eða reglugerðum varðandi málið að svo stöddu. Komi annað í ljós mun ráðherra beita sér fyrir því að núverandi lögum verði breytt á þann veg að ekki halli á hlut trans- og intersex-barna.

Það er mat heilbrigðisyfirvalda að hér á landi séu ekki gerðar ónauðsynlegar aðgerðir á börnum og að réttindi barnsins séu ávallt höfð í fyrirrúmi.